

Árshlutauppgjör 1. janúar 2017 til 30. júní 2017

- Hagnaður Spalar ehf eftir skatta fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 30. júní 2017 nam kr. 307,5 m.kr. en hagnaður á tímabilinu 1. janúar 2016 til 30. júní 2016 nam 241,8 m.kr. Hagnaður Spalar ehf eftir skatta á öðrum ársfjórðungi félagsins sem er 1. apríl 2017 til 30. júní 2017 nam 199,4 m.kr. Á sama tíma árið á undan nam hagnaður félagsins 171,4 m.kr.
- Greiðsluflæðið gefur hins vegar betri mynd af gangi félagsins þar sem verðbætur vegna vísitöluhækkana lána dreifast til greiðslu fram til loka lánstímans, þ.e. 2018. Greiðslugeta félagsins undanfarin 5 ár hefur verið sterk. Um 800 mkr. (2015:700 mkr.) voru greiddar í afborganir og vexti á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 og nauðsynlegt umframfjármagn var að auki til staðar 31. desember 2016 eins og lánasamningar gera ráð fyrir.
- Veggjald nam 686,7 m.kr. fyrstu 6 mánuði ársins til samanburðar við 625,3 m.kr. árið áður sem er 9,83% hækkun.
- Rekstrarkostnaður Spalar ehf án afskrifta fyrstu 6 mánuði ársins nam 225 m.kr. og hækkar um rúmar 7 m.kr frá árinu áður þegar hann nam 218 m.kr. Helstu breytingar eru vegna aukins launakostnaðar.
- Afskriftir á tímabilinu námu 62,3 m.kr., og voru á sama tímabili árið áður 60,2 m. kr.
- Vaxtagjöld og verðbætur lækka á milli tímabila um 30,1 m. kr.
- Skuldir Spalar ehf hækka úr 2.053 m.kr. þann 31. desember 2016 í 2.157 m.kr. þann 30. júní 2017.
- Spölur ehf er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.

Um uppgjörið

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir að umferð og tekjur séu heldur minni en áætlanir fyrir fyrstu 6 mánuði rekstrarársins gerðu ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að það sama gildi fyrir árið í heild.

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar ehf, í síma 433 5910.

**Lykiltölur úr rekstri Spalar ehf
í þúsundum króna**

	Skýr	Annar ársfjórðungur		Fyrri árhelmingur	
		1/4 17	1/4 16	1/1 17	1/1 16
		30/6 17	30/6 16	30/6 17	30/6 16
Veggjald		413.201	376.445	686.714	625.266
Viðhald og rekstur ganga		(80.787)	(73.170)	(140.164)	(133.489)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(41.973)	(34.085)	(83.625)	(83.431)
Niðurfærsla viðskiptakrafna		(438)	(875)	(958)	(871)
Afskriftir	5	<u>(31.406)</u>	<u>(30.296)</u>	<u>(62.316)</u>	<u>(60.190)</u>
Rekstrarhagnaður		258.596	238.018	399.651	347.285
Vaxtatekjur og verðbætur		5.692	6.950	9.977	10.362
Vaxtagjöld og verðbætur		<u>(15.097)</u>	<u>(30.754)</u>	<u>(25.247)</u>	<u>(55.378)</u>
		(9.406)	(23.803)	(15.270)	(45.017)
Hagnaður fyrir skatta		249.191	214.215	384.381	302.268
Tekjuskattur	4	(49.838)	(42.843)	(76.887)	(60.454)
Hagnaður tímabilsins		<u>199.353</u>	<u>171.372</u>	<u>307.494</u>	<u>241.815</u>
Heildarafkoma tímabilsins		<u>199.353</u>	<u>171.372</u>	<u>307.494</u>	<u>241.815</u>

Lykiltölur úr efnahagsreikningi Spalar ehf í þúsundum króna

	30/06 2017	31/12 2016
Eignir samtals	5.014.392	4.603.235
Eigið fé	2.857.429	2.549.935
Skuldir samtals	2.156.963	2.053.299
Veltufjárlutfall	0,86	0,47
Eiginfjárlutfall	56,98%	55,39%

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af ESB.

Árshlutareikningur er gerður til samræmis við alþjóðlegan reikningsskilastaðal fyrir árshlutareikninga (IAS 34 "Interim Financial Reporting") eins og hann hefur verið samþykktur af ESB.

Rekstrarreikningur

Hagnaður tímabilsins nam 307,5 m.kr. en á tímabilinu árið áður nam hagnaður félagsins 241,8 m.kr.

Rekstrarhagnaður tímabilsins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er 399 m.kr. en var árið áður fyrir sama tímabil 347 m.kr.

Tekjur

Veggjald á tímabilinu nam 686,7 m.kr. samanborið við 625,3 m.kr. árið áður og hækkar því um 9,83%.

Gjöld

Rekstrarkostnaður félagsins án afskrifta á tímabilinu var 225 m.kr. og hækkar um 3,2% frá sama tímabili ári áður þegar hann nam 218 mkr. Rekstrarkostnaður án afskrifta á öðrum ársfjórðungi nam 123 m.kr. og hækkaði um 15 m.kr. frá árinu áður þegar hann nam 108 m.kr.

Afskriftir

Afskriftir á tímabilinu námu 62 m.kr., og voru á sama tímabili árið áður 60 m. kr

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tímabilinu voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 15,3 m.kr og lækka um 66% frá sama tímabili ári áður þegar þau voru 45 m.kr.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir Spalar ehf 30. júní 2017 voru 5.014 m.kr. Þann 31. desember 2016 námu þær 4.603 m.kr. Eignir félagsins hafa því hækkað um 411 mkr.

Eigið fé og skuldir

Eigið fé Spalar er 2.857 m.kr. og hækkar um 307,5 m.kr. frá 31. desember 2016.

Skuldir félagsins námu 2.157 m.kr. 30. júní 2017 og hækka þær um 104 m.kr. frá 31. desember 2016. Þessi hækkun skýrist meðal annars af ógreiddum tekjuskatti, verðbreytingu lána og áfallinna vaxta af langtímalánum.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri með vöxtum var 419,5 m.kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017 en fyrir sama tímabil árið á undan var handbært fé frá rekstri með vöxtum 399 m.kr.

Handbært fé stendur í 717 m.kr. í lok júní 2017.

Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu rekstrar og þróun hans á milli fyrstu tveggja ársfjórðunga frá 1. janúar til 31. mars 2017 og 1. apríl til 30. júní 2017, samanborið við sömu tímabil fyrra árs.

Ársfjórðungsyfirlit í þúsundum króna

	2. ársfj. 1/4 17 - 30/6 17	1. ársfj. 1/1 17 - 31/3 17	2. ársfj. 1/4 16 - 30/6 16	1. ársfj. 1/1 16 - 31/3 16
Veggjald	413.201	273.513	376.445	248.822
Viðhald og rekstur ganga	(80.787)	(59.377)	(73.170)	(60.319)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(41.973)	(41.652)	(34.085)	(49.345)
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(438)	(519)	(875)	4
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA)	290.002	171.965	268.315	139.162
Afskriftir.....	(31.406)	(30.910)	(30.296)	(29.895)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	258.596	141.055	238.018	109.267
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó	(9.406)	(5.865)	(23.803)	(21.213)
Hagnaður fyrir skatta	249.191	135.190	214.215	88.054
Tekjuskattur	(49.838)	(27.049)	(42.843)	(17.611)
Hagnaður ársfjórðungs	199.353	108.141	171.372	70.443

Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Eins og nú horfir er útlit fyrir nokkru meiri umferð og tekjur en á síðasta rekstrarári.

Endurskoðun

Árshlutauppgjörið hefur hvorki verið endurskoðað né kannað af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf. Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf hafa í dag samþykkt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 30. júní 2017.